

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af Álftanesi er sýnir legu Álftanesveggar og Skólavegar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. júlí 1984 staðfest uppdrátt af Álftanesi er sýnir legu Álftanesveggar og Skólavegar.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Bessastaðahrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 347

20. júlí 1984

AUGLÝSING

um bann við upprekstri hrossa á Eyvindarstaða- og Haukgilsheiðum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur skv. heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982 ákveðið að banna upprekstur hrossa á Eyvindarstaða- og Haukgilsheiðum, þ. e. sameiginlegan afrétt Bólstaðarhlíðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, Seylu- og Lýtingsstaðahreppa, Skagafjarðarsýslu. Bann þetta tekur til svæðis, sem afmarkast af Blöndu að vestan, að norðan og sunnan af afréttargirðingu, sem liggur frá Blöndu um Rugludalsbungu að Litlasandi og þaðan afréttarmörk að Hofsjökli og Hofsjökli að sunnan.

Bannið gildir frá og með 21. júlí n. k. og til ársloka 1984. Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 42. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júlí 1984.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.